

# Reglur

## um meðferð á skógum og kjarri.

Samkvæmt lögum um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl. frá 30. júlí 1909, eru hjermeð, eftir tillögum skógræktarstjóra, settar eftirfarandi nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri.

### A. Um skógarhögg.

- I. *Kjarrskógur 10 fet og meira að hæð.* Þegar höggvið er, skal skilja eftir stærstu og fallegustu teinungana, og má í mesta lagi höggva svo mikið, að 3 fet verði á milli teinunganna. Mæla skal fjarlægðina milli toppanna, og skifta skal nokkurnveginn jafnt niður á svæðið.
- II. *Þjett kjarr 5 til 10 fet að hæð.* Höggva skal eins og í kjarrskógi, þó má fjarlægðin milli toppanna á teinungunum ekki vera meiri en 2 fet.
- III. *Lágt, gisið og bitið kjarr með mörgum jarðlægum teinungum.* Höggva skal svo mikið, að eigi sjeu skildir eftir nema 3 til 4 teinungar á hverri rót af hinum stærstu, beinvöxnustu og laglegustu, til þess að þeir geti dafnað betur og nýir teinungar vaxið upp við hliðina á þeim.

Í þessum þremur skógarflokkum skal ekki höggva oftár en með 8 ára millibili. Þó mega eigendur eða notendur skifta skógi eða kjarri niður í 8 hluta og gishöggva einn hlutann hvert ár, þannig að hver hluti sje höggvinn á 8 ára fresti.

- IV. *Skifting skóga og brautahögg.* Ávalt skal skifta sundur kjarri, sem vex á sljettlendi, með 12 feta breiðum brautum. Geta þær bæði greitt fyrir flutningum og verið jafnframt merkjalínur. Til dæmis að taka, má höggva aðalbraut mitt í gegnum kjarrið, og síðan höggva svo margar brautir út frá henni til beggja hliða, sem þörf er á. En þar eð landslagið er oft mismunandi, verður auðvitað að höggva brautirnar með ýmsu móti.

Skógarteigarnir eiga allir að vera nokkurnveginn jafnstórir.

Rjett er að skifta kjarri, sem vex í fjallshlíðum, þannig sundur, að lækir, gil og jarðföll ráði náttúrlegum endimörkum sumra skógarteiganna. Annars á það einnig við hjer, að skógarbrautirnar sjeu notaðar til afmörkunar á skógarteigum. Brautirnar skulu þá höggvar í sneiðingum upp eftir hliðinni, þó aldrei þar sem hallinn er mestur, því að þá getur vatnið á vorin rifið upp grassvörðinn, og þannig valdið því, að skógarsvæðið blási upp. Af sömu ástæðu á að vera kjarrbelti, 50 faðmar á breidd að minsta kosti, milli efri enda brautarinnar og skógarjaðarsins.

### B. Um friðuð svæði.

Á skógar eða kjarrsvæðum þeim, er valin hafa verið til friðunar af landsstjórninni með ráði skógræktarstjóra, má ekkert höggva, nema eftir ráðstöf-

**65** un skógræktarstjóra eða skógarvarða, svo má og ekki heldur slá gras á svæðum  
2. maí þessum, nema með leyfi skógræktarstjóra eða skógarvarða. Nú fellur niður girð-  
ing sú, er sett hefir verið um þessi friðuðu svæði, eða skemmist, og ber þá not-  
hafa jarðar þeirrar, þar sem girðingin er, að segja hlutaðeigandi hreppstjóra  
tafarlaust til um skemdarnar, en honum ber svo að gera ráðstafanir til, að girð-  
ingin verði bætt, en þartil hún hefir verið bætt, ber nothafa að verja svæðið  
fyrir skepnum eftir megni. Vanræksla á þessu getur varðað 5—100 kr. sektum  
samkvæmt 9. gr. frammanefndra skógræktarlaga 30. júlí 1909.

Visvitandi skemdir á girðingum þessum varða sektum eða fangelsi sam-  
kvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Í stjórnarráði Íslands, 2. maí 1912.

**Kristján Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

**66**  
23. maí

## **Auglýsing**

**um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um breyting á  
lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.**

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaup-  
staðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á

### **lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurkaupstað**

15. nóvbr. 1890, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

Aptan við 45. gr. (sjá auglýsingu 5. maí 1906) komi svohljóðandi ákvæði:  
Svo lengi sem eigandi »Hotel Reykjavík« heldur uppi hljómleikum í veit-  
ingahúsi sínu frá kl. 9—11<sup>1</sup>/<sub>2</sub> að kveldi, er heimilt að hafa þar vínveitingar um  
hönd jafnlengi fram eptir kvöldinu, svo að veitingasölum sje lokað um miðnætti.  
Jafnframt skulu allar vínveitingar í kjallaranum hætta kl. 10 á kveldi mánuðina  
maí, júní, júlí, og ágúst og kl. 9 hina mánuði ársins.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráðinu, 23. maí 1912.

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem*